

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfræstur).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, AtlG, MÁ, VBj, ÁI, ÞrB, ÞSa).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „lánardrottinn“ þrívægis í 2. efnismgr. komi: kröfuhafi.
2. 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau til krafna við gjaldþrotaskipti sem er ólokið. Hafi skiptum á þrotabúi lokið fyrir gildistöku laga þessara fyrnast kröfur, sem þar fengust ekki greiddar og ekki eru fyrndar, á tveimur árum frá gildistöku laganna nema skemmri tími standi eftir af fyrningarfræsti. Fyrningu þessara krafna verður aðeins slitið eftir reglum þessara laga.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku.